

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

81

29. apríl

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá þessum degi allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 10% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 25. janúar 1940 um blöndun smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

BREYTINGAR Á LYFJASKRÁ

82

29. apríl

Frá 1. maí 1940 hækka greiðslur fyrir afhendingu og tilbúning lyfja um 20% frá því, sem tilgreint er í lyfjaskrá I frá 15. desember 1936.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. apríl 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústaf A. Jónasson.

REGLUGERÐ

83

6. maí

um breyting á reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri matvælaeðlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

2. gr.

Við 7. gr. bætast 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skömmtunarskrifstofu ríkisins er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að ákveða úthlutun á matvælaeðlum til lengri tíma en eins mánaðar í einu, og getur skrifstofan þá gert þær formbreytingar á seðlunum, sem nauðsynlegar eru.

Ennfremur er skömmtunarskrifstofunni heimilt, ef hún telur þess þörf, að leyfa hreppsnefndum að veita þeim sveitahéimilum, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, ávísanir á skömmtunarvörur yfir sumarmánuðina með sama hætti og slíkt er heimilað að vetrinum.